



ICELANDIC A1 – HIGHER LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU SUPÉRIEUR – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL SUPERIOR – PRUEBA 1

Monday 22 May 2006 (morning)
Lundi 22 mai 2006 (matin)
Lunes 22 de mayo de 2006 (mañana)

2 hours / 2 heures / 2 horas

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento.

Fjallið um **annan** af eftirfarandi textum:

1. (a)

Hátt að klífa, lágt að falla. Má það kallast ein vel orðuð samantekt þeirrar stöðu er ég nú finn mig í? Svei mér ef svo er. Hátt kleif ég víst aldrei, en stefndi þó efunarlítið hærra en mér bar. Það fannst allténd sumum. Og lágt að falla? Það er eins og á það er litið: Hreint kroppslega hef ég víst aldrei hærra komist en nú, sem er hingað upp á fimmta gólfið í þeim digra og þykka Bláturni, hvar ég nú setið hef fanginn um margra vikna skeið. Og er þá til þess að hugsa að fæstir mínir landsmenn komast nokkur tíma svo hátt í sínu lífi. Nota bene: Það vill segja innan dyra!

Ég gæti í skensi haldið áfram að frægja þetta mitt hörmulegt ástand fyrir mér sjálfum, svo segjandi að ég sitji hér í konungsgarði í náðum sem einn kóngsins sérlegur gestur, sem einn hans innsti koppur í búri. Blekking kann það að heita, en viðlík hugsun varð mér þó sem eitt lífakkeri þá soldátar mig af skipsfjöl leiddu út í ofbirtuna og ég fyrsta sinni leit þann mikla stað Kaupinhöfn sem í sóttheitum glampa nú í sumar leið, þann minnilega morgun þess tuttugusta og annars dags júlímánaðar á þessu mínu ólánsári sem er 1649.

Ég var sem gripinn forkostulegri tilfinningu, svo ókennilegri að ég ekki fékk á nokkurn máta að greint hvort heldur var trylltur fögnuður eða hin dýpsta örvilnan. Með einhverjum hætti var sem þetta tvennt innra með mér til staðar væri í einni andrá, sem kenndir þessar hvor tveggja er alla tíð um mitt geð hafa barist loks hefðu fallist í faðma og fundið sér sín á milli nokkurt samkomulag og jafnvægi.

Sem klemmdur milli tvennra sinnishræringa var þá sem minn þjakaður hugur tæmdist og yfir mig kæmi sú annarlegasta ró. Ég stóð þar á skipsins dekki milli soldáta tveggja er mig sótt höfðu ofan í mitt djöfullegt fangelsi þar um borð. Þaðan horfði ég, er augun tóku birtunni að venjast, á ótrúlegan og hamslausan manngrúann sem bylgjaðist með skvaldri, ópum, hlátrasköllum og kveinan um bryggjur og áfram upp steinlögð stræti og torg milli himingnæfra húsa, svo langt sem eygja mátti. Dátar þeir héldu styrklega hvor undir sinn handlegg minn og létu mig í fyrstu við doka meðan hefðarmennirnir, mínir samferðarmenn, hans hátignar gúvernör yfir Íslandi höfuðsmaður Henrik Bjelke og kóngsins sekreterari Gabríel Akkeley, af skipsfjöl gengu og fetuðu sig ofan landganginn. Ég sá hvar þeir hátarnuðu herrar með virktum kvöddust, bukkuðu sig og beygðu með stórri reverentsíu hvor fyrir öðrum og þar á eftir steig hvor upp í sinn vagn. Dyrum var lokað og skrautkerrur þeirra runnu þessu næst af stað með ískri og skellum, dregnar af sannlega tröllauknum hestum. Ekkert hafði ofmælt verið um þær miklu skepnur.

Þórarinn Eldjárn, *Brotahöfuð*, 1996

1. (b)

Bjartsýni trjáanna

Tré fórna ekki greinum að stjörnum. Þau spretta
fingrum að veðurkvörnum og kvartilum
mánans. Ég hef séð sprota þeirra
lægja storminn með óþrotlegum
5 sveigjanleik þess sem ekki lætur segjast
en hefur fingurnæma leit í afhroðinu
óðar en linnir: Að bláum himinglæfum
Að gráu brotasilfri kulnaðrar birtu
í svartnættinu. Ég hef séð þau teiknuð
10 á blinkt sjáaldur vetrarhiminsins
til marks um fjölgreindan heila undir berkinum
reiknandi gróða af hverjum líðandi degi
í veru dryplandi sólna í regndropunum
á votum rúðum, af grýlukertum
15 kveiktum af hugviti þeirra um lögmálin
sem hverfa jarðkringlunni á snið við staðreyndir
veðra. Af rótgróinni bjartsýni
reisa þau hlerandi loftnet í frostkyrrðinni
til að veiða fjarlægán þyt blíðviðranna
20 sem boða laufsprettur og fugla...

Á miðjum vetri
verður mér starstýnt á þau

Hannes Sigfússon, *Lágt muldur þrumunnar*, 1988